

REGLUGERÐ

um jarðrækt.

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt jarðræktarlögum enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bútækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa. Verkefni héraðsráðunauta í jarðrækt skulu vera meðal annars:

- a. veita bændum og öðrum, er jarðrækt stunda, aðstoð við að undirbúa ræktunarframkvæmdir og gera áætlanir um þær;
- b. leiðbeina um meðferð og notkun áburðar, á grundvelli jarðvegsrannsóknna og áburðartilrauna;
- c. leiðbeina mönnum þeim, er vinna í umferðarvinnu að ræktunarframkvæmdum, sem framlag er greitt til samkvæmt jarðræktarlögum.

Verkefni héraðsráðunauta í bútækni skulu vera meðal annars:

- a. leiðbeina um kaup, meðferð og viðhald búvéla;
- b. leiðbeina um gerð útihúsa, sérstaklega hvað varðar vinnutilhögun og tækni-búnað.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein. Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum, hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er reglugerð þessi nær yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd reglugerðar þessarar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiði allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Héraðsráðunautar skulu halda akstursbók í þríriti og vinnudagbók, þar sem gerð sé grein fyrir, hvað unnið er dag hvern á ferðalögum.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, enn fremur að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands slík frávik.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.

Stjórnnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu fyrir lok hvers árs senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum næst liðins árs.

Á meðan framlag ríkisins samkvæmt reglugerð þessari er ekki greitt sama ár og úttekt fer fram, greiðist það í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands.

Fullnaðarúttektarskýrsla yfir jarða- og húsabætur skal hafa borizt til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. nóvember ár hvert, ef fé er veitt til framlaga á sama ári og þær eru unnar.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt reglugerð þessari, skal vera félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarlagsins.

7. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 36 29. marz 1961, I. kafla 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám. ræktun og byggingar í sveitum frá 16. apríl 1971 eða eldri lögum um sama efni.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að efla fóðurframleiðslu í landinu og koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kaupsúnum og sjávar- og sveitahorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa, og skal þá ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktanlegt land skulu háðar þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.
2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem bestum notum við þurrkun landsins. Skal, þar sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haglegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofan jarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveimur eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar. Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum á landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé á, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línunum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr. Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að $\frac{3}{4}$ hlutum.

3. Vegagerðaraðilar og aðrir, sem standa fyrir mannvirkjagerð, skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að gróðri eða ræktanlegu landi sé ekki spillt að óþörfu og að af framkvæmdum stafi eigi eyðingarhætta af völdum jarðrasks, landbrots eða því um líku. Enn fremur skal lagfæra yfirborð landsins og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, er myndast vegna framkvæmdanna, og skila landinu fullgræddu. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þremur mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamaðinn tilnefndur sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

10. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði, sem hér segir:

I. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar.

- a. Vélgrafnir skurðir og plægðir hagaskurðir, 70% kostnaðar við gröft, dýpkun og sprengingu berghafta úr skurðunum. Ákvæðisvinna skal viðhöfð, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnu-taxta hvers ræktunarsvæðis, sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræsluframkvæmdir og fyrir 1. maí ár hvert senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, er þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega fyrir 1. maí senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði. Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útböð fara fram fyrir 15. marz ár hvert.

Búnaðarfélag Íslands gerir útböðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, og ákveður ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktaki skuli setja.

Ræktunarsambönd geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ekki er skylt að bjóða út skurðgröft á þeim svæðum, þar sem ræktunarsamböndin sjálf annast framræsluna, enda ákveði Búnaðarfélag Íslands taxa þeirra hverju sinni fyrir fram, eftir að útböð hafa farið fram. Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands útvega gröfu til að annast þau verkefni. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum. Bændur, sem láta aðra en samþykktu verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálf framlag á skurðina. Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt, eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

Allir, sem annast skurðgröft, skulu skyldir til að sjá um nauðsynlegar sprengingar berghafta, sem kunna að vera í skurðum, og skal það tekið fram í útböði.

- b. Handgrafnir skurðir, þar sem og þegar vélgrefti verður ekki við komið, kr. 40.00 á m³.
- c. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.
- d. Kílræsi kr. 600.00 á ha.
- e. Lokræsi með plaströrum og viðeigandi útbúnaði, kr. 50.00 á m.

- f. Önnur ræsi (hnaus-, viðar- og grjótræsi), kr. 35.00 á m.
- g. Greiddur verði $\frac{1}{3}$ kostnaðar við flóðgarða og $\frac{2}{3}$ kostnaðar við byggingu flóðgátta, vatnsbrúa, sem flytja vatn í opinni rennu eða lokaðri pípu yfir eða undir farvegi eða lægðir og flóðvarnargarða, enda sé framkvæmdin samþykkt af Búnaðarfélagi Íslands.

II. Jarðrækt.

- a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, kr. 14 000.00 á ha.
- b. Túnrækt á þurrlendi, kr. 10 000.00 á ha.
- c. Endurvinnsla túna vegna kals eða annarra skemmda, kr. 8 000.00 á ha.
- d. Vinnsla lands vegna grænófóður- eða kornræktar, kr. 5 000.00 á ha.
- e. Hagarækt, kr. 3 000.00 á ha.
- f. Þar sem erfitt er um ræktunarland, er heimilt að greiða 30% aukaframlag á túnrækt á félagsgrundvelli, enda samþykki viðkomandi búnaðar-samband og Búnaðarfélag Íslands framkvæmdina.

III. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65.00 á m³.

IV. Girðingar um ræktunarlönd og heimahaga, fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10.00 á m.

V. Áburðargeymslur.

Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar, kr. 350.00 á m³.

VI. Hey-, garðávaxta- og verkfærageymslur.

- a. Þurrheyshlóður úr varanlegu efni, kr. 60.00 á m³.
- b. Votheyslhóður úr varanlegu efni, kr. 200.00 á m³.
- c. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni, kr. 130.00 á m³.
- d. Verkfærageymslur úr varanlegu efni, kr. 200.00 á m².
- e. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlóðu með blásara og fastri aflvél miðað við gólfflöt í hlöðu, kr. 500.00 á m².
- f. Súgþurrkunarkerfi með föstum blásara, kr. 300.00 á m².
- g. Súgþurrkunarkerfi án blásara, kr. 200.00 á m².

Sé fastur blásari settur við áður úttekið kerfi, skal framlagið hækka til samræmis við staflíð f.

VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsparfar.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VIII. Til kölkunar á túnunum, þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks, eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

11. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt, til þess að heimilt sé að taka út og greiða framlag til jarðræktar og húsabóta þeirra, er um getur í 10. gr.:

- a. Allar framkvæmdir, er um getur í 10. gr., skulu gerðar eftir áætlun eða í samráði við þá leiðbeinendur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

- b. Til vélgrafinna skurða því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 17.—18. gr. reglugerðar þessarar. Hver einstakur skurður skal hafa þá legu og dýpt, er fullnægir hlutverki hans í framræslunni. Skurðurinn skal vera hreinn, þ. e. ekki liggi hnausar eða stórir steinar í skurðbotninum, er geti orsakað stærri eða minni stíflur, sem leiði til þess, að skurðbotninn aflagist eða grói upp um skör fram Berghöft skulu hafa verið sprengd á fullnægjandi hátt og hreinsuð burt.

Skurðfláa skal hagað eftir aðstæðum en sé aldrei minni en $1\frac{3}{4}$.

Ávallt skal mæla fyrir skurðum og grafa eftir hæðartöflu. — Úttektarmönnum skurðanna er skylt að leggja hæðartöfluna til grundvallar fyrir úttektinni þannig að mæla yfirleitt aðeins þar, sem er frávik frá hæðartöflunni. Þó skal gera prófmælingar til að sannreyna rúmtak skurðanna.

Sígi land verulega eftir að skurðir eru grafnir, en áður en úttekt fer fram, ber ráðunautum að taka fullt tillit til þess við úttekt, enda skal setja nægjanlega marga fasta punkta utan verksvæðis til að unnt sé að sannreyna sigið.

Um handgrafna skurði gilda sömu reglur og um vélgrafna skurði.

Plægða hagaskurði má því aðeins taka út, að þeir séu þannig lagðir með tilliti til halla, jarðvegs og þess vatnsmagns, sem hverjum einstökum skurði er ætlað að flytja, að ekki séu líkur til þess að þeir grafi af vatnsrennsli. Þeir skulu vera 30—50 cm. djúpir, plógstrengurinn skal liggja á þeim bakka skurðarins, sem veit undan halla, og skal hann vera í a. m. k. 30 cm. fjarlægð frá skurðbakka.

Plóg- og kílræsi skulu gerð með tækjum, sem viðurkennd eru af Búnaðarfélagi Íslands.

Lokræsi með plaströrum eru því aðeins úttektarhæf, að gerð röranna, umbúnaður og niðurlagning sé viðurkennd af Búnaðarfélagi Íslands.

- c. Við endurvinnslu vegna kals eða annarra skemmda líði minnst þrjú ár frá síðustu vinnslu, enda samþykki héraðsráðunautur endurvinnsluna hverju sinni. Ekki er heimilt að taka út endurvinnslu túna, sem túnþökur hafa verið skornar af til sölu.
- d. Framlag til hagaræktar er bundið því skilyrði, að fram hafi farið jöfnun lands og/eða uppgræðsla, þannig að varanlegar gróðurbætur hafi náðst á öllu landinu. Úttekt á slíku landi skal ekki gera, fyrr en fullvíst er, að græðsla hafi tekizt eða heilgrös orðin ríkjandi í gróðri landsins. Jöfnun landsins miðist við að unnt sé að nota dráttarvél til áburðardreifingar, ef ekki eru notaðar flugvélar við áburðardreifingu.
- e. Byggingar skulu gerðar eftir teikningum, er Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands viðurkennir. Áburðargeymslur og áburðarkjallarar skulu vera með steiptum botni. Framlög eftir a-, b-, c- og d-lið 10. gr. skal því aðeins greiða, að landið sé fullunnið, jafnað og nægilega þurrt, að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í það, eða að það sé fullgróið túngeróðri með sjálfgræðslu. Landið sé örugglega nógu þurrt fyrir heilgrös, hæfilega unnið og þannig frá gengið að vatn standi ekki á því. Vinnsla lands vegna grænfoldur- eða kornræktar sé háð sömu skilyrðum um þurrkun og land til túnræktar. Við úttekt skal miða við innanmál allra bygginga. Súgburrrkunarkerfi er því aðeins úttektarhæft, að það sé gert eftir teikningu, sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.
- f. Skilyrði til að hljóta 30% aukaframlag á túnrækt á félagsgrundvelli eru, að um félagsræktunina sé gerður skriflegur samningur, áður en framkvæmdir hefjast, þar sem tekið sé fram fjöldi bújarða, sem hlutdeild eiga í ræktuninni, stærð þess lands, sem rækta skal, og hluti hvernar bújarðar í ræktuninni, eignaraðild á ræktunarlandinu, gildistími samningsins, sem minnst skal vera 40 ár,

og ákvæði um uppsögn hans. Búnaðarfélag Íslands samþykki slíkan samning en leiti áður samþykkis viðkomandi búnaðarsambands á nauðsyn slíkrar félagsræktunar.

- g. Ef grjóti er ekki ekið burtu af hinu ræktaða landi né það grafið í jörðu, skal gengið snyrtilega frá því og þannig, að það hamli sem minnst allri vinnu á landinu.

- h. Girðingar um ræktunarlönd og heimahaga teljast fullgildar, þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

Gaddavirsgirðingar séu 6 strengja úr góðu efni. Tréstaurar og renglur, sem ekki eru úr rekaviði, skulu fúavarðir. Hæð girðingarinnar skal vera 1.20 m. Allar mishæðir undir girðingunni séu vel jafnaðar, svo að sauðkindur skriði ekki undir. Neðsti strengur má vera 10 cm frá jörðu en síðan sé millibil strengjanna talið neðan frá 15 cm, 15 cm, 25 cm, 25 cm og 30 cm. Sé girt með vírneti, skal 1 gaddavirsstrengur vera neðan við netið og minnst einn ofan við það.

Bil milli jarðfastra staura girðingarinnar sé 4 m. Jafngildi slíkrar girðingar telst: Girðing með tré- eða smíðajárnsstaurum (profiljárnstaurar) með trérenglum á milli. Við góðar aðstæður, þar sem staurastæði er öruggt, má hafa 6—9 m milli jarðfastra staura, en þá verða renglur að vera milli hinna föstu staura. Mesta bil milli renglna má vera 3 m. Renglur séu minnst 5 cm á hlið. Gengið skal svo traustlega frá öllum horn- og hliðarstólpum, að þeir haggist ekki.

- i. Vatnsveitur: Sundurliðaðir fullnaðar kostnaðarreikningar yfir efni og vinnu fylgja úttektarskýrslu. Sé um samveitu að ræða, skal tilgreina hlutdeild hvers einstaks aðila.
- j. Úttektarskýrslu fylgi reikningar yfir kostnaðarverð og flutningskostnað á kalki með tilgreindri vegalengd býlis frá hafnarstað.
- k. Jarðabætur skal taka út eigi síðar en á næsta ári eftir að þær eru framkvæmdar. Sjá þó sérákvæði um II. lið 10. gr., staflið e. Greiðsla jarðabótaframlags er enn fremur bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambanda eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

12. gr.

Á framlög, er ákveðin eru í 10. gr. þessarar reglugerðar, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1971. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og Byggingarstofnun landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málslíða þessarar greinar um greiðslu verðlagsuppbótar á framlög gildi frá og með framkvæmdum ársins 1972. Af jarðabótaframlögum þeim, er talin eru í 10. gr., renna 4% til hreppabúnaðarfélaga og 2% til búnaðarsambanda nema af vélgröfnum skurðum 4%, er skiptast að jöfnu á milli nefndra aðila. Þó skulu framlög vegna jarðræktar grænifóðurverksmiðja renna óskipt til viðkomandi verksmiðju.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr.

43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir fjárhæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þó skrá sérstaklega, hve mikið af framlögum gengur til afgangsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kaupsþúnum.

14. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðst til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, mega vinna jarðaravgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 10. gr.

Reiknast þær til afgangsgreiðslu 50% hærra en styrkuppþæðinni nemur.

16. gr.

Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal aðstoða ræktunarsambönd og aðra hliðstæða aðila við val, útvegum og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarsvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarsvæmdir. Hann skal og gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

17. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt reglugerð þessari.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og er verktakinn ábyrgur fyrir gjaldinu. Gjaldið ákveðst þannig:

Á gröft að 50 000 m³ greiðast 10 aurar.

Á gröft 50 000 til 100 000 m³ greiðast 20 aurar.

Á gröft 100 000 m³ og yfir greiðast 30 aurar.

Breytingar á jöfnunargjaldi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir, að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu, og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

18. gr.

Jöfnunargjald það, er um ræðir í 17. gr., greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft“. Hann skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, og annast það reikningshald fyrir sjóðinn. Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins, og skal það tekið af ríkisframlagi.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr sjóðnum.

Þegar meðal framræslukostnaður hvers árs er þekktur fyrir landið í heild, skal greiða þeim bændum, sem greiða meira en meðalverð fyrir framræslu, úr jöfnunarsjóði, þannig að framræslukostnaður þeirra verði sem næst meðallagi. Ákvæði þetta gildir ekki á þeim ræktunarsvæðum, þar sem framræslukostnaður verður vegna óhagstæðra skilyrða meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, enda gilda þar ákvæði 10. gr. staflið Ia.

III. KAFLI

Um búskaparhæfni jarða.

19. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem telja má að séu í hættu fyrir landspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi, landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru óhæfar til búrekstrar, svo sem vegna landsmæðar eða ónógra landgæða. Jafnframt skal athuga, hvort úr megi bæta með landaukningu frá aðliggjandi jörðum.

20. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera með sér, að jarðir séu sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, og skal félagið þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt viðkomandi héraðsráðunaut, að kanna ýtarlega búskaparskilyrði umræddra jarða, og auk þess leita álits hlutaðeigandi breppsnefndar.

Að fengnu áliti þessara aðila skal landbúnaðaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, úrskurða, hvort jarðir þessar skuli framvegis njóta ríkisframlags samkvæmt reglugerð þessari.

21. gr.

Pegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags, sbr. 20. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr jarðeignasjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji ábúandinn reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

22. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði reglugerðar þessarar í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 1 000.00 — 10 000.00 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þvingja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessarar reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þvingri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli og leiðbeiningar um gerð jarða- og húsabóta, sem framlag er veitt til úr ríkissjóði samkvæmt jarðræktarlögum og reglugerð þessari svo og úttekt þeirra.

Fyrirmæli þessi skulu send öllum héraðsráðunautum og trúnaðarmönnum, og Búnaðarfélag Íslands leggur þeim jafnframt til öll nauðsynleg skýrsluform.

24. gr.

Andvirði helmings af eignum Vélasjóðs, eins og þær reynast, sbr. ákvæði til bráðabirgða hér á eftir, skal leggja í sérstakan sjóð, er Búnaðarfélag Íslands varðveitir. Verkefni þess sjóðs skal vera að styrkja tilraunir með álitlegum tækninýjungar í landbúnaði, eftir tillögum Búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra setur sjóðnum reglugerð.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79 29. maí 1972 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 68/1956 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands vól á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Með lagabreytingu eru niður felld ákvæði um Vélasjóð og vélanefnd ríkisins. Vélanefnd ríkisins skal starfa til ársloka 1972, og skal hún fyrir þann tíma koma eignum Vélasjóðs í verð í samráði við landbúnaðarráðherra og ganga frá lokauppgjöri á reikningum sjóðsins.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Gunnlaugur E. Briem.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Hríseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann